

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 6. nóvember 2014
1411009 IE

Efni: Umsögn um frv. til breyt. á lögum um sjúkratryggingar (flóttamenn), 242. mál.

Með tölvubréfi dags. 24. október 2014 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd um frv. til breyt. á lögum um sjúkratryggingar, flóttamenn, mál 242, þskj. 242, lþ. 144.

Með frumvarpinu er lagt til að flóttamenn, sem stjórnvöld hafa veitt hæli hér á landi, njóti sjúkratrygginga en eins og löggin eru núna ná þau aðeins til flóttamanna sem koma í boði stjórnvalda, svokallaðra kvótafóttamanna. Þessi breyting felur í sér mikla réttarbót fyrir þá sem hún nær til.

Jafnréttisstofa fagnar þessari tillögu og styður lögfestingu hennar.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur